

255. fundur 12. október 2006.

255. fundur hreppsnefndar Reykhólahrepps haldinn fimmtudaginn 12. október 2006 k. 15:00

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5 a, Reykhólum.

Mætir: Allir aðalmenn og Óskar Steingrímsson sem ritar fundargerð.

Gústaf Jökull setti fundinn og bauð menn velkomna.

Fundargerð rituð á tölvu og er hún samtals X blaðsíður að stærð.

Gengið til dagskrár:

Dagskrá:

Fundargerðir:

1. Fundargerð 254. funda hreppsnefndar 14. sept. 2006. Samykkt.
2. Fundargerð mennta- og menningarmálanefndar 22. sept. 2006. Samþykkt.
3. Fundargerð félagsmála- og jafnréttisnefndar 21. september 2006. Samþykkt.
4. Fundargerð skipulags- bygginga- og hafnarnefndar 13. september 2006. Samþykkt.

Til afgreiðslu:

1. Tilnefning í Menningarráð Vestfjarða sbr. drög að menningarsamningi milli vestfirskra sveitarfélaga og Menntamálaráðuneytisins.
Samþykkt að tilnefnda Óskar Steingrímsson.
2. Beiðni frá Félagi íslenskra atvinnuflugmanna, FÍA, í tilefni 60 ára afmælis félagsins um að Reykhólahreppur gerist áskrifandi að sögu félagsins.
Ekki orðið við beiðninni.
3. Áskorun frá sauðfjárbændum á Vestfjörðum, (deild sauðfjárbænda innan B.S.V.) til ríkis og sveitarfélaga að auka fjármagn til refa og minkaveiða.
Sveitarfélagið telur að staðið sé vel að refa- og minkaeyðingu í Reykhólahreppi.
4. Bréf frá Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar um forvarnir í víðum skilningi í barnaverndarnefnd með ósk um að fá afstöðu Reykhólahrepps til þeirra hugmynda að útvíkka starfssvið barnaverndarnefnda. Reykhólahreppur tekur vel í þessar hugmyndir með fyrirvara um útfærslu og kostnað.
5. Tilnefning í þjónustuhóp aldraðra, sbr. lög nr. 125/1999 með síðari breytingum. Sveitastjórnir Dalabyggðar og Reykhólahrepps komi sér saman um skipun tveggja fulltrúa. Þuríður Stefánsdóttir tilnefnd með fyrirvara um hennar samþykki.
6. Brotajárnshreinsun í Reykhólahreppi. Er rétt að fara í átak? Verð á brotajárni er í hámarki miðað við undanfarin ár. Ákveðið að fara í brotajárnshreinsun. Agli og Óskari falið að vinna í málinu.

Til kynningar:

1. Frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga um kynningarfund 16. október 2006 á nýjum lögum um umhverfismat áætlana, nr. 105 frá 14. júní 2006.
Lagt fram til kynningar.

Önnur mál:

1. Ósk heilbrigðiseftirlits Vestfjarða um að sveitarfélög geri grein fyrir stöðu mála varðandi innra eftirlit leiksvæða með ósk um að sveitarfélög sendi eftirlitinu útfyllt þar til gert eyðublað um málið. Málið er í vinnslu.

Fjárhagsáætlun Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða fyrir árið 2007 lögð fram til umræðu og samþykktar. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

2. Fyrirspurn (munleg) frá Orkubúi Vestfjarða um áætlanir sveitarfélagsins í gatnagerð, götulýsingu. Ákveðið að tala við byggingafulltrúa og fara í mælingar og hönnun á götunni í samráði við hann.
Einnig spurning um gangstígagerð sem mætti nýtast varðandi væntanlegar hitaveitulagnir OV frá nýju dælustöðinni inn í þorp. Ákveðið að tala við Vegagerð ríkisins varðandi þetta mál.
3. Hjallar, vantar að komast að samkomulagi um forsvarsmann og samkomulag um nýtingu á hlunnindum. Sveitarstjóri hafi samband við aðra eigendur jarðarinnar varðandi málið
4. Opnunartími skrifstofu. Hreppsnefnd ákveður að stytta opnunartíma skrifstofnnar og sveitarstjóra falið að útfæra það og auglýsa.
5. NORCE-verkefnið. Reykhólahreppur er aðili að Norce-verkefninu og hefur til umráða EUR 9.000 í verkefni tengt matarmenningu svæðisins. Ákveðið að fá einhvern í þetta verkefni sem fyrst.
6. Kynning á styrkveitingu til að gera viðskiptaáætlun fyrir heilsuhótel á Reykhólum. Impra hefur veitt styrk í gerð viðskiptaáætlunar fyrir væntanlegt heilsuhótel á Reykhólum að upphæð kr. 400.000.

Fleira ekki bókað, fundi slitið kl.:19:45.

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)
Egill Sigurgeirsson (sign)
Karl Kristjánsson (sign)
Rebekka Eiríksdóttir (sign)
Sigurbjörg Daníelsdóttir (sign)

Óskar Steingrímsson (sign)
fundarritari.